

Símenntunaráætlun Þjórsárskóla

Símenntun kennara og starfsfólks 2019-2020

Skólastjóri ákveður almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, þróunaráætlun og óskum starfsfólks. Símenntunaráætlun er unnin árlega og er skipt í tvennt. Annars vegar það sem er nauðsynlegt fyrir skóla og hins vegar sem starfsfólk metur æskilegt eða nauðsynlegt til að styrkja sig í starfi. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þetta er starfsfólki að kostnaðarlausu. Símenntun sem er hluti af 150 klst. er almennt áætluð utan við skipulagðan starfsramma skólaársins.

Til símenntunar teljast:

Námskeið á vegum skólans og annarra viðurkenndra aðila (þ.e. sem skólastjóri samþykkir), líka í samstarfi við aðra skóla

Þróunarverkefni

Skipulagðir leshringir (nýtum okkur þekkingu fagfólks innan skólans)

Framhaldsnám(kennara sækja um frí hjá skólanefnd til að sækja staðbundnar lotur) framhaldsnám er hluti af einstaklingsáætlun starfsmanns

Samstarf við leikskólann og Flúðaskóla

Lestur fræðigreina og að segja öðru starfsfólki frá

Kennaraþing, eftir að viðveru lýkur

Þjórsárskóli greiðir 100% Greidd laun starfsmannsins og þátttökugjald	Þjórsárskóli og starfmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður fjármagnar símenntun sjálfur
Starfstengd, ósk stjórnandans og þátttaka er innan eða utan vinnutíma	Starfstengt en ekki forgangsmál, þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf hjá Þjórsárskóla

Matshæf símenntun sem var samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, unnin í vinnutíma, hér teljast 150 tímarnir með og fjármögnuð að einhverju leyti af hálfu skólans. Það er á ábyrgð starfsmanns að skrá símenntun og sýna fram á að henni sé lokið. Skólastjóri mun meta hversu vel starfsmanni hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlunum þeirra. Ef 150 tímarnir hafa ekki verið fullnýttir getur skólastjóri ráðstafað þeim tíma sem eftir er á skólatíma. Skráin er frá 1. júní til 1. júní.

Þróunarverefni og áherslur Þjórsárskóla eru Grænfáninn, Þjóðskógur, útikennsla, nýsköpunarmennt, aðalnámskrá, spjaldtölvur, Heilsueflandi grunnskóli, Olweus, námsmat, lestrarstefna. Þetta árið er áhersla á útinám og umhverfismennt.

Mælt er með að kennarar sækji námskeið sem Skóla-og velferðarþjónusta Árnesþings stendur fyrir, að kennarar fylgist með námskeiðahaldi í sínum námsgreinum og beri undir skólastjóra. Kennarar sækja fræðslu á kennaraþing og á sameiginlega fundi námsgreina á Suðurlandi. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar sækja námskeið á fræðsluneti Suðurlands og Fjölbautaskóla Suðurlands.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsmanna sé endurskoðuð og breytist eftir aðstæðum, framboði og þróunarverkefni skólans.

Fjármögnum símenntunar 2019-2020 : Þjórsárskóli, símenntunarsjóðir, styrkur og starfsmaðurinn.